

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar.

Nú þegar eru innheimtar stórar fjárhæðir af bíleigendum sem ekki skila sér til vegamála og er því engin ástæða til að auka við útgjöld bifreiðaeigenda. Miklu frekar væri að safna saman þeim fjármunum sem nú þegar er tekinn af okkur bíleigendum og nýta þær fjárhæðir í vegakerfi landsins. Eins fæ ég ekki séð hvernig á að réttlæta þá mismunun sem mun eiga sér stað við upptöku þessa kerfis. Árið 2011 komu 14.029 ökutæki til Seyðisfjarðar með ferjunni Norrænu. Ökutæki á erlendum númerum eru ekki inni í gagnagrunni samgöngustofu og það er gríðarlega langt ferli að fletta þeim upp í alþjóðlegum gagnagrunnum. Akkúrat þess vegna fá ökumenn á erlendum númerum ekki reikning á stöðum sem eigendur skráðra ökutækja á Íslandi fá reikninga. Er sanngjarnt, í landi þar sem við viljum hafa jafnrétti, að þjóðin borgi fyrir eitthvað sem gestir okkar greiða ekki fyrir? Það getur ekki talist rétt að í siðmenntuðu samfélagi rukkum við enn meira fyrir hlut sem er nú þegar búið að rukka fyrir. Allt bitnar þetta jú mest á þeim sem minnst eiga. Unga fólk, sem er að basla við að hefja lífið, finna leiðir til að kuapa sér húsnæði og reyna að lifa og þeir sem minna hafa á milli handanna munu koma hvað verst út úr þessu.

Um túrisma gildir það sama. Sala á dagsferðum út frá Reykjavík er að dragast saman, þá sérstaklega á breyttum jeppabifreiðum. Ef við þurfum að hækka verðin enn frekar til ferðamannsins mun salan bersýnilega dragast saman enn frekar.

Ég andmæli áforum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta umhverfis - og samgöngunefndar.

Virðingafyllst.

Þórður Þorsteinsson -